

Ákvörðun þessi er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 1. september 2005.

Porgeir Pálsson flugmálastjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um tímabundna takmörkun á innflutningi á tilteknu fersku og frosnu grænmeti sem er upprunnið í Thailandi, nr. 779/2005.

1. gr.

Í stað tollnúmerisins 1212.9009 í 1. mgr. 3. gr. auglýsingarinnar komi númerið 1212.9900.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. og 29. gr., sbr. 10. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Auglýsingin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 31. ágúst 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag virkjunar í Fjarðará, Seyðisfirði.

Á fundi bæjarstjórnar Seyðisfjarðar sem haldinn var þann 4. júlí 2005, var samþykkt deiliskipulag virkjunar í Fjarðará, Seyðisfirði.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að byggðar verði tvær sjálfstæðar raforkuvirkjanir, Gúlsvirkjun, 2,5 MW og Bjólfsvirkjun, 4,9 MW, til viðbótar þeirri sem fyrir er og var byggð 1913. Stærstu lónin verða Heiðarvatn sem stækkar úr um 0,66 km² í um 1,76 km² og Þverárlón sem verður um 0,33 km².

Deiliskipulagið var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Seyðisfirði, 30. ágúst 2005.

Sigurður Jónsson byggingarfulltrúi.